

# **SÖNGVAR UM SVÍFANDI FUGLA**

**Kristinn Sigmundsson bassi**

**Ljóð: Kristján Hreinsson**

**Jónas Ingimundarson píanó**

**Tónlist: Þorvaldur Gylfason**

**Bryndís Halla Gylfadóttir selló**

**Útsetningar: Þórir Baldursson**

# Í köldu myrkri

Er undir myrkri sváfu sól og tindar  
þú sorg og ótta hvíslaðir að mér,  
þú þoldir eynd er blésu bráðir vindar  
og baðst mig um að vera kyrr hjá þér.

Að morgni þegar sólin síðan birtist  
og söngur fugla eyddi þinni neyð  
og björt og fögur okkar veröld virtist  
þú vildir að ég færi mína leið.

Er einn ég reika eftir lífsins línu  
og leggst á hugann tímans þunga ryk,  
ég óska þess í köldu myrkri mínu  
að mega faðma þig eitt augnablik.

# Unaðsreiturinn

Í fjöru mínar minningar,  
fá mátt sem traustur er.  
Ég skynja allt sem áður var,  
þá ást sem fæddist hér,  
þá unaðsstund sem ávöxt bar  
er einn ég gekk með þér.

Hér svífur þú um hugans heim  
er hjartans takt ég finn  
og til þín fer mín sál á sveim  
er sólin vermir kinn,  
svo flýg ég upp með fuglum þeim  
sem fegra himininn.

Í öldum sé ég engil þinn  
er andar hafið blátt,  
hér bjarta sól og bros ég finn  
í blíðri sunnanátt.  
Þín hlýja seiðir huga minn  
og hjartað mitt er sátt.

# Vorið brosir

Þeir segja mér það fuglarnir sem koma hingað heim að hamingjunnar leit sé þeirra allra mesta yndi og fullyrða svo auðvitað að sælan sé hjá þeim er svífa þeir um himinblámann undan ljúfum vindi.

Þeir segja mér að lífsins flug sé indælt ævintýr sá ánægjunnar ljósadans sem flestir ná að læra, þeir tala um þann kærleika sem innst í okkur býr og ástina sem lífsins von mun börnum sínum færa.

Og ég er barn í vorsins blæ er opnast undralönd og útúr skugga vetrarins sig teygja lyng og mosi. Þeir segja mér það fuglarnir sem stefna hratt að strönd að stórum heimi verði breytt með einu litlu brosi.

# Erlan

Ég yrki ljóð í svartan sand  
er syngur erlan blíða  
og friðsæl yfir fagurt land  
hún flýgur hratt og víða.

Svo finn ég þegar dagur dvín  
að depurð hugann hrífur  
því yndislega erlan mín  
mót opnu hafi svífur.

En svo í huga glæðist glóð  
og gleymist sálarvandinn  
því erlan syngur öll þau ljóð  
sem yrki ég í sandinn.

# Vegur þagnar

Hann situr hjá glugganum gamall og lúinn  
gráhærður snillingur hokinn af speki,  
einlægur fagnar hann þverrandi þreki  
með þrautirnar faldar í storknuðu bleki  
í tengslum við margháttuð minningabrot.  
Hans máttugi andi til ferðar er búinn  
og bráðlega ýtir hann bátnum á flot.

# Vegur þagnar

Með viskuna geymda á gulnuðum blöðum  
og glóandi myndir frá fengsælu lífi.

Það er einsog glaðlegir söngfuglar svífi  
er sálin hans losnar frá örbirgð og kífi  
með allar þær vonir sem veröldin gaf.

Frá vinum sem dvelja á ólíkum stöðum  
hans andi mun sigla um eilífðar haf.

# Vegur þagnar

Nú leggst yfir rúðuna saltið frá sjónum  
en sálin hún flögrar að himnesku djúpi,  
þá finnst honum einsog úr augunum drjúpi,  
sem alsæll hjá fjörunnar grjóti hann krjúpi.

Og burtu frá þrautunum þráir hann far  
að þögn sem er umvafin huglægum tónum  
sem tilheyra draumi um veröld sem var.



# Vegur þagnar

Frá glugganum vitundarvegurinn liggur  
mót vængjaðri þögn bakvið hafdjúpsins rökkur.  
Er fellur á lífshlaup og minningar mökkur;  
svo máttugur, ögrandi, þykkur og dökkur.  
Í huganum bátur um bárurnar fer  
og blíðlyndur spekingur hvíldina þiggur  
í þögn sem í hásölum eilífðar er.

# Í faðmi fugla

Er fuglarnir sváfu þá sveif ég um geim  
og svart var hið ómælda myrkur  
en vonin hún bar mig á vængjunum heim  
er veittist mér huglægur styrkur.

Í hógværu logni er hugurinn frjór  
og hjartað í brjóstinu titrar,  
ég rýni í draum sem í rökkrinu fór  
með raddir svo blíðar og vitrar.

Að morgni ég stari á máttuga sýn  
í mold undir ísköldum kransi  
en ljúf einsog vorblóm fær vitundin mín  
að vakna með fuglanna dansi.

# Grátur Jarðar

Gráttu það sem er hin sanna sorg  
og sýndu miskunn öllu lífi Jarðar  
en berðu ekki þína þraut á torg  
því það er margt sem afar fáa varðar.

Þú grætur horfna tíð og týndan þrótt,  
í tárur þínum leysist mikill kraftur,  
en enginn þarf að gráta gleymda nótt  
sem glötuð er og kemur aldrei aftur.

# Grátur Jarðar

Þú lætur tárin svæfa sorg hjá þér  
svo sár og gremja verði ekki byrði.  
En gráttu aldrei fugl sem floginn er  
því framtíð þín er öllu meira virði.

Þú finnur styrk ef lund er létt og hress,  
þú lætur hljóma gleði þinnar strengi  
því fegurð heimsins býr í brosi þess  
sem búinn er að gráta nógu lengi.

# Fuglshjartað

Í friði má fuglshjartað titra  
og fegurð þín guðdómleg er  
ef mætast hið innra og ytra  
í eldi sem magnast í þér.

Þú skelfur af ótta við skuggann  
ef skínandi birta þín veit  
að náttmyrkrið guðar á gluggann  
þótt glóandi sál þín sé heit.

Og jafnvel þótt fuglshjartað fái  
að fela þann mátt sem er hlýr  
þá viltu að veröldin sjái  
þá von sem í ljósinu býr.

# Dúfa

Mín fagra dúfa láttu vængi létta  
nú lyfta þér í bjartan himingeim,  
þitt hinsta skjól þú átt hjá öllum þeim  
sem eftir lífsins vegi hérna gengu,  
þeir sáu að þú bjóst til allt úr engu,  
þeir æðstu drauma þinna notið fengu.  
Mitt litla kvæði færð þú fyrir þetta.

# Dúfa

Já, jafnvel þó að taktur hjartans hætti  
að hljóma meðan dafnar von og þrá  
í veröld þar sem hlykkjótt leið þín lá  
um lífið sem þér reyndist æði slungið  
og þótt þú gætir aldrei söngva sungið,  
þitt sanna eðli var þeim ljóma þrungið  
að flytja boð frá æðsta undramætti.

# Dúfa

Og þögn fær englasöngur senn að rjúfa  
sem sorgum eyðir, bætir neyð og tjón;  
við greinum loksins heimsins tæra tón  
sem traustan streng á milli okkar bindur.  
Nú svífur þú um loft sem ljúfur vindur,  
í ljósi birtist draumsins æðsti tindur  
því núna ertu frjáls og falleg dúfa.



# Vals

Við myndina þína ég kveiki á kerti  
og kalla á faðminn sem hjarta mitt snerti.  
Þótt stundirnar flögri í fortíðar mekki  
þá fara þær burtu en hverfa þó ekki.

Ég hugsa um dúfur sem dönsuðu forðum  
og draumfögrum valsi ég lýsi með orðum;  
ég man að við svifum hjá sóleyjakransi  
og söngfuglar stýrðu þeim ástríka dansi.

Þá yndi var vakið því fífill og fjóla  
fundu sér skjól bakvið hæðir og hóla  
og snertu þann unað sem ástina vakti  
eitt augnablik lífsins í þrískiptum takti.

# Sólskríkjan mín syngur

Hún situr hérna stundum á grænni grein um kvöld  
og glaðlega hún syngur annað slagið,  
og þegar nóttin kemur og friður fær sín völd  
ég flýg með henni inn í sólarlagið.

Ég veit að þegar haustar, hinn sæli söngur fer  
og sólskríkjan um myrkrið þarf að rata,  
og svo í þrautum vetrar að nóttu mæta mér  
þær minningar sem ég mun aldrei glata.

Er vetrarskugginn hverfur, fær lífið nýjan lit,  
með ljósi vaknar náttúrunnar kraftur  
og sólskríkjan mín kemur með vor og vængjaþyt  
þá vil ég fá að heyra sönginn aftur.

# Spegill fuglanna

Í spegilmynd hafa spurningar mátt  
þótt sprungur í glerinu ferðinni ráði  
og sýni að aflið sem söguna skráði  
fær sameinað hugmyndir, tíma og ljós.  
En fuglarnir lofa hið himneska hrós  
sem hlýtur sinn tilgang er andlitin mætast;  
þau augu sem fljóta um framtíðar ós  
og fortíðarmyndin sem þráir að kætast  
en burðast með óskir um sannleik og sátt  
í sandi á strönd þar sem draumarnir rætast.

# Spegill fuglanna

Hér baðstu mig um að bíða þess dags  
er birtist þú aftur í speglinum mínum  
og sál mín fann óminn af orðunum þínum  
er augnanna þinna ég saknaði mest.  
Þá fékk ég að eltast við eilífan frest  
er óttinn í hjartanu titraði klökkur,  
því holdið er veikt einsog hrafninn sem sest  
á haf þar sem dýpið er svart einsog mökkur.  
Þótt spegilsins andlit sé ávallt til taks  
þá erfiðar mynd þess í glímu við rökkur.

# Spegill fuglanna

Og ennþá ég bíð í fjarska og firð  
og flöktandi augu mín ráfa um húmið  
sem trúi ég hvorki á tímann né rúmið  
en teymi minn huga mót ljósi sem fór  
um nótt þegar flæddi hinn freyðandi sjór.  
Nú finn ég að hjarta mitt kemur að landi  
og hugur minn verður svo ferskur og frjór  
er flýgur um loftið þinn himneski andi,  
svo dansa um fjöruna fegurð og kyrrð  
er fjaðrirnar þorna í glitrandi sandi.

# Fuglar minninga

Að kvöldi dags, við hafið á meðan sólin sest  
og sælubros af heitum vörum skín,  
hér sit ég einn að hausti og finn að birtan best  
fer blíðlega um djúpu augun mín.

Í huga sé ég fugla sem fóru grein af grein  
er gleðitár af vanga mínum rann,  
og söngurinn sem lifði, er orðinn minning ein;  
sá unaður sem glaður hugur fann.

Í hljóðri kyrrð með tíma ég fæ að fylgja þeim,  
já, fuglunum sem áður sá ég hér.  
Svo svíf ég út á hafið með dýrð um draumaheim  
og dásemd lífsins vakir yfir mér.

# Ég syng fyrir þig

Sem söngelskur spörfugl hér viðra ég vængi og stél,  
ég vil fá að svífa mót skýjanna dúnmjúka feldi  
og söngvarnir mínir í heiðríkju hljóma svo vel,  
í hjörtum þeir sameinast kærleikans draumkennda eldi.

Og tónarnir mínir þeir breytast í vinsemd og værð  
og verða að dásemd sem birtist í himneskum orðum,  
í litadýrð garðsins þeim ódauðleg fegurð er færð  
er fá þeir með yl sínum heiminum haldið í skorðum.

Ég nýt þess í myrkri að syngja um leiftrandi líf  
og ljósið það gefur mér tónaflóð dýpra og meira,  
á ástríkum vængjum í frelsi og sælu ég svíf  
og syng fyrir veröld sem þráir minn boðskap að heyra.

# Einn kafli

Ég kom til þín með fangið fullt af engu  
og fór með þér um okkar draumaborg  
að vori þegar fuglar heimsins fengu  
að fljúga hjá með ást og blíða sorg.

Ég átti með þér dásamlega daga  
og drauma sem ég alvarlega tók  
en nú er okkar fortíð fögur saga  
sem finna má í lífsins góðu bók.

Og hjartans taktur reyndar öllu réði  
sem ritað var með ást á línurnar,  
því er ég nú með fangið fullt af gleði  
og fagna því sem einu sinni var.